

## Mál nr. 62/2010

Ár 2011, mánudaginn 3. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 62/2010

X  
gegn  
Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 8. desember 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við Grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærða Y til umsagnar með bréfi dagsettu 16. desember 2010 og honum gefinn andmælafrestur til 13. janúar 2011. Kærði Y svaraði ekki og var honum send ítrekun dags 19. janúar og gefinn nýr frestur til 26. janúar. Kærði Y hafði þá samband við skrifstofu og óskaði eftir því að fá að nýju afrit af kæru og framlengdan andmælafrest þar eð honum hafi ekki borist fyrra bréf siðanefndar. Orðið var við þessum óskum og var frestur framlengdur til 21. febrúar. Engin andmæli bárust og ákvað siðanefnd því að boða til sáttafundar, og var boð um sáttafund 11. apríl sent kærða Y í ábyrgðarpósti dags. 30. mars. Kærði Y svaraði ekki fundarboði. Var þá haft samband við hann símleiðis og varð það að samkomulagi að haldinn yrði símafundur með honum hinn 9. maí.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dags. 18. október 2010 var rakkinn XX paraður við tíkina YY. Hundarnir eru af hundakyninu labrador retriever og er rakkinn í eigu kærða Y. Við pörunina var rakkinn XX ekki með gilt augnvottorð. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærði Y brotið gegn Grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærði Y upplýsti að hann hefði reynt að fara með rakkann XX í augnskoðun fyrir áætlaða pörun. Hann hafi haft samband við skrifstofu HRFÍ til að skrá rakkann XX í augnskoðun en honum hafi verið tjáð að hann kæmist ekki að vegna þess að skráningu í augnskoðun væri lokið. Hann hafi síðan ekki treyst sér til þess að stöðva það ferli sem ákveðið hafði verið og því hafi pörun farið fram án þess að rakkinn XX hafi haft gilt augnvottorð. Hann kvaðst mjög leiður yfir þessu broti sínu og baðst afsökunar.

### III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2 í Grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í Reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um retriever:

*„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2009).*

*Eftirtaldir tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 01.01.2007) og Golden retriever (gildir frá 01.06.2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ.*

*Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framarlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P)”*

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað þann 18. október 2010 var ekki fyrirbyggjandi augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu labrador retriever skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og skal það liggja fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn sé ekki með arfgengan augnsjúkdóm. Hefur kærði Y því gerst brotlegur við grein 2.6 í Grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Varðandi þá staðhæfingu kærða Y að hann hafi ekki komist að í augnskoðun vegna þess að skráningu hafi verið lokið þykir ástæða til að taka það fram að það samræmist ekki vinnureglum HRFÍ að loka fyrir skráningu í augnskoðun og því hljóti að gæta hér einhvers misskilnings. Það mun þó ekki hafa áhrif á niðurstöðu úrskurðarins. Kærði Y gerir sér fulla grein fyrir brotinu og hefur beðist afsökunar. Hann fór með hundinn strax og því var við komið eftir pörun í augnskoðun og mjaðmamyndatöku þar sem fram kom að hundurinn var heilbrigður. Það breytir þó ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftir á, en við ákvörðun refsingar skal þó tekið er tillit til þess að kærði hefur ekki svo vitað sé gerst brotlegur áður. Þykir hæfileg refsing að áminna kærða.

#### **IV. Niðurstaða**

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærði er áminntur.

f.h siðanefndar

#### ***Sign:***

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir